

SAMÞYKKTIR

1. gr. Heiti

Samtökin heita Samtök fyrirtækja í veitingamarkaði, skammstafað SFV. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur samtakanna er:

1. Að standa vörð um hagsmuni greinarinnar.
2. Að vera sameiginlegur málsvari gagnvart stjórnvöldum og almenningi.
3. Að stuðla að fagmennsku í veitingageiranum.
4. Að taka þátt í kjaramálum og kjósa um kjarasamninga fyrir greinina.

3. gr. Aðild

Aðild að samtökunum geta átt fyrirtæki sem hafa tilskilin rekstrarleyfi lögum samkvæmt. Heimilt er að samþykkja aðild fyrirtækis á framkvæmdastigi, enda liggja tilskilin leyfi fyrir.

Umsókn um aðild skal send til stjórnar samtakanna. Henni skulu fylgja afrit af rekstrarleyfi og ársreikningur næstliðins árs auk upplýsinga um stöðugildi, starfssvið, stjórn og framkvæmdastjórn. Umsókn skal tekin til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum eftir móttöku og skal stjórn taka afstöðu til umsóknar og tilkynna umsækjanda ákvörðun sína skriflega. Sé umsókn synjað getur umsækjandi innan eins mánaðar farið fram á að ákvörðun stjórnarinnar verði borin undir félagsfund.

4. gr. Úrsögn og brottvikning

Heimilt er að segja sig úr samtökunum frá næstu áramótum að telja. Úrsögn skal vera skrifleg og sendast stjórn samtakanna.

Stjórn getur vikið aðildarfyrirtæki úr samtökunum vegna vanskila eða ef það uppfyllir ekki lengur skilyrði aðildar. Bera má ákvörðun um brottvikningu undir félagsfund.

Úrsögn eða brottvikning leysir ekki aðildarfyrirtæki undan greiðslu félagsgjalda eða annarra skuldbindinga sem á því kunna að hvíla gagnvart samtökunum.

5. gr. Aðalfundur

Aðalfundur samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra. Hann skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Aðalfundur skal boðaður af stjórn með tilkynningu til aðildarfyrirtækja með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

Löglega boðaður aðalfundur er lögmaður óháð fundarsókn. Aðalfundur skal kjósa fundarstjóra og ritara aðalfundar. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

2. Ársreikningur borinn upp til samþykktar.
3. Kosning formanns
4. Kosning stjórnar.
5. Kjör endurskoðanda
6. Breytingar á samþykktum.
7. Önnur mál.

Rétt til setu á aðalfundi og öðrum félagsfundum með málfrelsi og tillögurétt eiga stjórnendur aðildarfyrirtækja og starfsmenn samtakanna. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum fundarsetu.

Stjórn er heimilt að ákveða að halda rafrænan aðalfund.

6. gr. Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Hún skal þó ætíð boða til félagsfundar innan tveggja vikna komi fram ósk um það frá einum stjórnarmanna, fleiri en einu aðildarfyrirtæki eða ef samþykktir kveða á um. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara. Um boðun fer að öðru leyti með sama hætti og um boðun aðalfundar.

Stjórn er heimilt er að ákveða að halda rafrænan félagsfund.

7. gr. Afgreiðsla mála

Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.

Á aðalfundi hefur hvert aðildarfélög atkvæðamagn í samræmi við greidd félagsgjöld næstliðins árs. Hverjum 1.000 krónum í greidd félagsgjöld fylgir eitt atkvæði. Nýtt aðildarfélag, sem ekki greiddi félagsgjöld á næstliðnu ári, skal fá atkvæðavægi í samræmi við vænt félagsgjöld sbr. 10. gr. samþykktu þessara.

Aðildarfélagi er heimilt að fela öðrum atkvæðisrétt sinn samkvæmt umboði sem afhent skal fundarstjóra. Atkvæðaskrá skal liggja fyrir á aðalfundi.

8. gr. Stjórn

Stjórn samtakanna skal skipuð sjö félagsmönnum sem kjörnir skulu á aðalfundi samtakanna til eins árs í senn. Formaður skal kjörinn sérstaklega. Stjórn kýs varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund og skiptir með sér verkum. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Ef stjórnarmaður lætur af störfum hjá aðildarfélagi á kjörtímabili stjórnar getur stjórn ákveðið að setja upp rafrænan félagsfund til að kjósa nýjan stjórnarmann í hans stað.

Einungis fulltrúar aðildarfélaga SFV eiga rétt á setu í stjórn.

9. gr. Verkefni stjórnar

Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundi. Formaður boðar til stjórnarfunda. Fundarboði skal fylgja fundargerð næstliðins stjórnarfundar og skal hún staðfest af stjórn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættir eru meirihluti stjórnarmanna. Fjarþátttaka einstakra stjórnarmanna á stjórnarfundum er heimil með samþykki stjórnar. Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Ef atkvæði falla að jöfnu ræður atkvæði formanns.

Firnaritun er í höndum stjórnar, nema hún feli formanni eða öðrum það hlutverk samkvæmt skýru umboði.

Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna verkefnum samtakanna. Um heimildir starfsmanns til að skuldabinda félagið fer eftir ákvörðun stjórnar. Stjórn, eða starfsmaður í umboði stjórnar, getur sett á hóp starfshópa til að sinna afmörkuðum málefnum fyrir samtökin.

10. gr. Félagsgjöld

Félagsgjöld samtakanna skulu ákveðin af stjórn og taka mið af veltu aðildarfyrirtækis. Þó skal aðildarfyrirtæki sem er á fyrsta starfsári greiða inngöngugjald sem stjórn ákveður. Ef fulltrúar aðildarfyrirtækis eru með fleiri en eitt starfandi fyrirtæki með rekstrarleyfi samkvæmt samþykktum þessum skulu aðildargjöld reiknast á samanlagða veltu þeirra. Stjórn er heimilt að kalla eftir tilskildum gögnum vegna útreiknings félagsgjalda.

Tekjum félagsins skal varið til að standa straum af kostnaði við rekstur samtakanna og þau verkefni sem félagið ræðst í á hverjum tíma. Stjórn er heimilt að fjármagna sérstaklega einstök verkefni sem ráðist er í og rekstrartekjur samtakanna standa ekki undir.

Félagsgjöld skulu innheimt 4 sinnum á ári. Stjórn ákveður gjalddaga félagsgjalda.

11. gr. Ársreikningur

Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Stjórn skal tímanlega fyrir aðalfund láta semja ársreikning fyrir næstliðið reikningsár.

12. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu sendar stjórn sem leggur þær fyrir aðalfund eða almennan félagsfund. Þær skulu hafa borist eigi síðar en viku fyrir fund og skal þeirra getið í fundarboði. Til að breyta samþykktum þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hið sama gildir um tillögu um slit á samtökunum. Ákveði aðalfundur eða almennur félagsfundur að slíta samtökunum skal fundurinn jafnframt ráðstafa eignum þeirra og skuldum.

Þannig samþykkt á aðalfundi samtakanna í Reykjavík 24. mars 2021